

**Sp.**

**354. Þingsályktun**

um landhelgisgæzlu, björgunarmál og skipaskoðun.

(Afgreidd frá Sp. 1. apríl).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka:

1. Á hvern hátt bezt verði séð fyrir öruggri landhelgisgæzlu, án þess að ríkissjóði sé íþyngt um of.
2. Á hvern hátt bezt verði fyrir komið björgunarstarfsemi í framtíðinni, og hvort hægt sé að sameina hana landhelgisgæzlunni.
3. Skipulag og löggjöf um eftirlit með skipum og bátum og allt, er miðar til öryggis sjófarendum.

Stjórnin skal leita til forstöðumanna skipaútgerðar ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, skipaskoðunar ríkisins og Fiskifélags Íslands um athugun þessara mála, og framkvæma þeir eða aðrir starfsmenn stofnananna þá rannsókn án sérstakrar þóknunar og senda rökstuddar tillögur um þessi efni til stjórnarinnar svo snemma, að stjórninni vinnist tími til að ganga frá málunum og leggja þau fyrir næsta fjárlagaþing.